Samtök náttúrustofa

Bolungarvík, 19. janúar 2026

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skrifstofa loftslags og náttúru

Efni: Umsögn Samtaka náttúrustofa um "*Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun (vindorka og verndarflokkur*)". Mál nr. S-255/2025.

Samtök náttúrustofa (SNS) fagna því að setja eigi uppbyggingu vindorkuvera skýrari lagaramma. Aftur á móti hafa Samtökin gert vel rökstuddar og faglegar athugasemdir við málið á fyrri stigum (sjá hér: https://sns.is/umsagnir_sns/umsagnir_fra_2024/skra/96/). Þeim athugasemdum hefur ekki hefur verið svarað og ekkert tillit er tekið til þeirra í frumvarpsdrögunum. Sjáum við okkur því knúin til að nefna þær helstu enn á ný. Þær snúa einkum að stærð vindorkuvera og svæðum sem njóta skulu verndar frá uppbyggingu á vindorku:

1. Samtök náttúrustofa gera athugasemd við lægri **stærðarmörk** þeirra vindorkuvera sem skylt er að fari í gegnum ferli rammaáætlunar. Í frumvarpsdrögunum er í a-lið 3. gr. gert ráð fyrir að þau þurfi að vera yfir 10 MW að stærð og hæð einstakra vindmylla yfir 100 m í hæstu stöðu. Hvort tveggja eru of há mörk því umhverfisáhrif eru oft hvorki tengd orkuframleiðslugetunni né hæð. Ef á annað borð á að setja slík mörk á stærð, þá ættu þau að liggja mun neðar. Á mörgum svæðum gætu t.d. 90 metra háar myllur sem framleiða 9 MW valdið verulega neikvæðum áhrifum á umhverfi og samfélag og ættu að fara í gegnum faglega rýni faghópa verkefnisstjórnar um rammaáætlun. Annar galli við þessa nálgun er hætta á því sem oft er nefnt „bútasaumur", þ.e. að framkvæmdaaðilar sæki um að setja upp 9,9 MW virkjun, byggi hana og sæki svo aftur um 9,9 MW virkjun við hliðina á þeirri fyrri og svo koll af kolli. Þannig kæmust þeir fram hjá ferli rammaáætlunar og gætu flýtt framkvæmdum verulega en um leið væri skortur á framtíðarsýn í málaflokknum á landsvísu. Ef setja á lágmarksstærð í þessari lagagrein, þá þarf jafnframt að setja einhvers konar varnagla sem kemur í veg fyrir að „bútasaumur" komist fram hjá kerfinu. Vegna ólíks eðlis vindsins miðað við vatn og jarðhita er sérlega mikil hætta á þessu við virkjun vindafls.

2. Gerð er alvarleg athugasemd við umfjöllun um svæði sem undanþegin skulu uppbyggingu vindorkuvera (3. gr. b):

    a. **Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði á Íslandi**, skilgreind skv. alþjóðlegum viðmiðum (https://www.natt.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi), ættu alltaf að vera undanþegin mögulegri uppbyggingu vindorkuvera. Þessi sjálfsagða krafa er í samræmi við andann sem fram kemur í skýringum frumvarpsins og væri rökrétt framhald af því sem þar kemur fram um neikvæð áhrif vindorkuvera. Þessi svæði voru valin á faglegan hátt út frá mikilvægi þeirra fyrir fuglalíf á lands- og alþjóðlega vísu. Vegna hættu á neikvæðum áhrifum vindorkuvera á fuglalíf ættu slík svæði því ekki að koma til greina fyrir vindorkuver, enda myndi það ganga gegn skuldbindingum Íslendinga í tengslum við fullgildingu alþjóðasamninga á sviði náttúruverndar, þar á meðal um vernd líffræðilegrar

fjölbreytni. Þess vegna þarf að breyta frumvarpinu á þann veg að vindorkuver skuli ekki koma til álita á alþjóðlega mikilvægum fuglasvæðum. Stjórnvöld hafa talað fyrir auknum hraða í orkuskiptum og myndi þessi breyting stuðla að því að beina uppbyggingu vindorkuvera fremur inn á svæði þar sem minni mótstaða er við slíkar framkvæmdir, minni líkur eru á alvarlegum neikvæðum umhverfisáhrifum, auk þess að spara tíma og fjármagn inni á fagstofnunum.

b. Í greininni eru svæði á **B-hluta náttúruminjaskrár** tilgreind á meðal svæða sem þessi lögin ná ekki yfir (eru undanskilin uppbyggingu vindorkuvera). Það ákvæði er mikilvægt en þó er rétt að gera skýran greinarmun á tillögum Náttúrufræðistofnunar um 143 svæði á B-hluta náttúruminjaskrár annars vegar (https://www.natt.is/is/midlun/utgafa/natturuminjaskra) og framkvæmda-áætlun náttúruminjaskrár fyrir árin 2025-2029 hins vegar, sem inniheldur einungis sex svæði og þar af eitt svæði sem er hluti af mikilvægu fuglasvæði. Í samræmi við varúðarsjónarmið, þ.e. að varlega verði farið við upphaf uppbyggingar vindorku, þá þarf þarna að breyta texta greinarinnar og segja með beinum hætti að þetta eigi við um öll 143 svæðin í tillögum Náttúrufræðistofnunar. Tillögur um svæði á B-hluta náttúruminjaskrár byggja að verulegu leyti á fuglalífi og er því talsverð skörun við alþjóðlega mikilvægu fuglasvæðin.

c. Gott er að tryggja að vindorkuver verði ekki á **Ramsarsvæðum**. Aftur á móti eru afar fá Ramsarsvæði hér á landi eða sex talsins. Í Bretlandi eru 175 Ramsarsvæði, 68 í Svíþjóð, 63 í Noregi, 58 í Hollandi, 54 í Frakklandi, 49 í Finnlandi og 43 í Danmörku (https://www.ramsar.org/countries). Íslendingar eru því langt á eftir þeim þjóðum sem við berum okkur saman við hvað varðar tilnefningar á Ramsarskrána, sérstaklega m.t.t. mikilvægis Íslands sem búsvæðis fyrir fugla. Vegna þess er nauðsynlegt að alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði verði einnig tilgreind í þessari grein laganna.

Orkuskipti eru mikilvæg aðgerð í umhverfismálum en Íslendingar eru að stíga sín fyrstu skref í innleiðingu á vindorku. Í þeim upphafsskrefum telja Samtök náttúrustofa að beina ætti framkvæmdum inn á svæði sem þegar eru röskuð en að líffræðileg fjölbreytni (sem stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að vernda) eigi að njóta vafans. Því ætti, a.m.k. fyrst um sinn, að undanskilja öll mikilvægustu náttúrusvæði landsins þegar rætt er um mögulegar framkvæmdir til virkjunar vindsins.

Samtök náttúrustofa vekja athygli á greinum sem birst hafa í félagariti Fuglaverndar og hjá Heimildinni, þar sem farið var vel yfir þau atriði sem hafa þarf í huga við lagasetningu um vindorkukosti (sjá https://nsv.is/wp-content/uploads/2024/09/2024_Vindorkufrumvarp-Fuglar_14.pdf, https://nsv.is/wp-content/uploads/2022/01/Fuglar13-Vindmyllur.pdf og https://heimildin.is/grein/21916/vindorkuver-a-islandi-storslys-i-uppsiglingu/).

Undir lok árs 2025 birti umhverfis- orku og loftslagsráðuneytið góða og vel unna stefnu um líffræðilega fjölbreytni, þar sem mikilvægi fjölbreytninnar er áréttuð. Ljóst er að vindorkuver geta

haft neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni, sérstaklega ef þau eru staðsett á eða í nágrenni við viðkvæm náttúrusvæði. Nú reynir á hvort nýju stefnunni verði fylgt eftir.

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka náttúrustofa,

Hulda B Albertsdóttir

Hulda Birna Albertsdóttir
Formaður SNS,
forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða